Auglýsing þessi er sett í samræmi við reglugerð nr. 524/1998 um útflutning á kindakjöti, með síðari breytingum og með heimild í 6. mgr. 29. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum og öðlast þegar gildi. Auglýsingin kemur í stað auglýsingar nr. 696 frá 1. október 2002.

Landbúnaðarráðuneytinu, 24. október 2002.

F. h. r.
Ólafur Friðriksson.

Atli Már Ingólfsson.

24. október 2002 Nr. 724

REGLUGERÐ

um bann við veiðum með fiskibotnvörpu austnorðaustur af Héraðsflóa án smáfiskaskilju.

1. gr.

Frá og með 26. október 2002 eru veiðar með fiskibotnvörpu á svæði austnorðaustur af Héraðsflóa aðeins heimilar að varpan sé búin smáfiskaskilju í samræmi við ákvæði viðauka við reglugerð nr. 278, 4. apríl 2001, um gerð og útbúnað smáfiskaskilju. Svæðið markast af línum sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:

1. 66° 23'00 N – 12° 51'00 V
2. 66° 15'20 N – 12° 27'00 V
3. 66° 10'90 N – 11° 54'00 V
4. 66° 03'50 N – 11° 43'60 V
5. 65° 46'50 N – 13° 20'70 V
6. 65° 59'00 N – 13° 34'00 V
7. 66° 00'00 N – 12° 51'80 V
8. 66° 03'00 N – 12° 36'80 V
9. 66° 14'00 N – 12° 40'00 V

2. gr.

Með mál sem kunna að rísa út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála og varða brot viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Frá og með 26. október 2002, er felld úr gildi reglugerð nr. 73, 4. febrúar 2002, um bann við veiðum með línu og fiskibotnvörpu á Digranesflaki.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 24. október 2002.

Árni M. Mathiesen.

Þórður Eyþórsson.